

Fjölgreinadeild í Lækjarskóla - minnisblað

Fjölgreinadeildin var stofnuð 2004 og var fyrsta árið rekin undir Miðstöð símenntunar – Námsflokkum Hafnarfjarðar. Hófu sex nemendur nám í deildinni.

Deildin var færð undir Lækjarskóla 2005.

Nemendur hafa komið úr öllum skólahverfum og verið á bilinu tíu til tuttugu í deildinni.

S.l. haust voru sex nemendur innritaðir í deildina og urðu flestir þrettán á skólaárinu. Af þeim eru átta í 9. bekk sem þurfa á úrræðinu að halda á næsta skólaári.

Á síðasta kjörtímabili voru umræður um hvort ætti að halda þessu úrræði áfram eða leggja deildina niður og að hver skóli myndi þá sinna þessum nemendum. Væri það meira í anda *skóla án aðgreiningar*.

Eins og fram kom á síðasta fundi fræðsluráðs stóð til að greina fyrirkomulag sérúrræða í bænum og taka ákvörðun í framhaldi af því. Sú greining hefur ekki farið fram af ástæðum sem komu fram á síðasta fundi og er því óbreytt staða.

Í ljósi þess að forsendur hafa breyst er lagt til að áðurnefnd greining verði unnin á haustmánuðum og tillögur um skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar liggi fyrir eigi síðar en um næstu árásmót. Þar til verði fyrirkomulagið óbreytt.

Hafnarfirði 30. maí 2015

Magnús Baldursson